

## 8. gr. Dagskrá Fjórðungspings

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði reikningarnir og endurskoðaða fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsping. Á dagskrá Fjórðungspings skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
4. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
5. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstillag.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Árstillag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.